



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 28. apríl 2019

R19040236

D-363

Borgarráð

Hvammur í landi Hólms

Óskað er efir að borgarráð samþykki meðfylgjandi yfirlýsingu þess efnis að sumarhúsið Hvammur í landi Hólms þurfi ekki að víkja af skipulagsástæðum til a.m.k. ársloka 2025 og að þann tíma fylgi því réttur til afnota u.þ.b. 3.000 m² spildu umhverfis húsið.

Greinargerð:

Sturla Þór Guðmundsson, eigandi sumarhússins Hvammur í landi Hólms við Suðurlandsveg, hefur farið þess á leit að því verði lýst yfir af hálfu Reykjavíkurborgar að sumarhúsið þurfi ekki að víkja af skipulagsástæðum til a.m.k. ársloka 2025 og að þann tíma fylgi því réttur til afnota af u.þ.b. 3.000 m² spildu umhverfis húsið.

Þegar jörðin Hólmur var seld Reykjavíkurborg á árinu 1960 var sett ákvæði í afsalið þess efnis að einstaklingar, félög og stofnanir sem fengið höfðu lóðir og landspildur á leigu úr landi Hólmsjarðar haldi rétti sínum samkvæmt leigusamningum og samkvæmt munnlegu samkomulagi við ábúanda Hólmsjarðar. Engin þinglýst gögn eru til um lóðarréttindi Hvamms, frekar en um allmargar spildur og frístundahús í Hólmslandi.

Ekki eru horfur á að Reykjavíkurborg þurfi á umræddu landi að halda til a.m.k. ársloka 2025.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Tillaga að yfirlýsingu

YFIRLÝSING

Að beiðni eigenda sumarhússins Hvammur í landi Hólms við Suðurlandsveg í Reykjavík, fasteignanúmer F2057597, er því hér með lýst yfir að sumarhúsið þarf ekki að víkja af skipulagsástæðum a.m.k. til ársloka 2025 og þann tíma fylgir réttur til afnota af u.þ.b. 3.000 m² spildu umhverfis húsið.

Verði þessi heimild ekki framlengd að þeim tíma loknum skulu eigendur sumarhússins fjarlægja það af landspildunni á sinn kostnað, en allur gróður fellur til Reykjavíkurborgar án endurgjalds.

Yfirlýsing þessi er í samræmi við ályktun borgarráðs Reykjavíkurborgar þann 2. maí 2019.

Heimilt er að þinglýsa þessari yfirlýsingu á lóðina Hvammur í landi Hólms við Suðurlandsveg, landeignanúmer L213978.

Reykjavík, 2. maí 2019

F.h. Reykjavíkurborgar

Vottar að rétttri dags. og undirritun:

kt.

kt.